

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðenda gegn því, að gerðarþoli fái til afnota íbúð Matthíasar Matthíassonar á neðstu hæð hússins nr. 22 C við Skólavörðustíg og haldi auk þess afnotum af norðvestur herberginu í núverandi íbúð sinni.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. október 1948.

Nr. 29/1948. **Jón Björnsson** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn

Gunnari Jósepssyni (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

Kaup á bátum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminum hefur verið áfrýjað aðeins að því er varðar Gunnar Jósepsson.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 2. apríl 1948, gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 15 000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 25. október 1947 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslna þessara, vinni Björn Halldórsson, héraðsdómslögmaður á Akureyri, eið að því, að kaup um nótabáta þá, sem um ræðir í málinu, hafi komizt á milli hans og stefnda. Til þrautavara krefst hann þess, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Í máli þessu stendur staðhæfing gegn staðhæfingu um það, hvort kaup á hinum umræddu nótabátum hafi komizt á, og hefur áfrýjandi engin gögn flutt fram því til sönnunar, að svo hafi verið. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00 með tilliti til þess, að málskotið var svo algerlega að ófyrirsynju, að átöluvert er.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Jón Björnsson greiði stefnda Gunnari Jósepsyni 1200 krónur í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. marz 1948.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 5. þ. m., hefur stefnandi, Jón Björnsson útgerðarmaður, Ólafsfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. nóv. s. l. á hendur stefnda, Gunnari Jósepsyni skipasmið, Akureyri, og hefur uppi þær kröfur fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15 000.00 auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi sáttakæru, 25. okt. s. l., til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Með framhaldsstefnu, birtri 13. des. s. l., hefur stefnandi stefnt h/f Sverri, Akureyri, inn í máli þetta og gerir þá kröfu, að stefndi Gunnar Jósepsson og stefndi h/f Sverrir verði in solidum dæmdir til að greiða stefnukröfuna ásamt vöxtum og málskostnaði.

Stefndu krefjast syknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi skýrir frá málavöxtum á þessa leið: Í maimánuði s. l. fól hann Birni Halldórssyni lögfræðing á Akureyri að annast sölu á herpinótabátum, sem hann átti á Dalvík. Björn Halldórsson auglýsti bátana til sölu. Nokkru síðar eða um 10. júní hitti Björn stefnda Gunnar Jósepsson. Bauð Gunnar kr. 15 000.00 í bátana og gekk Björn að því. Fór þetta munnlega fram. Einum eða tveim dögum síðan hitti Björn stefnda Gunnar Jósepsson aftur og var þá engan bilbug á honum að finna um kaupin, en þá lét hann þess getið, að hann væri að kaupa bátana fyrir aðra til afnota á næstu sildarvertíð. Áður en stefnandi vissi um, að kaupin væru fullgerð milli stefnda Gunnars og Björns Halldórssonar, heyrði hann í útvarpi áskorun frá skrifstofu Landssambands islenzkra útvegsmanna um að þeir, sem selja vildu nótabáta, tilkynntu þá til skrifstofu Landssambandsins. Hringdi stefnandi þá til stefnda og spurði hann, hvort hann ætti að tilkynna bátana til skrifstofunnar, en stefndi svaraði því neitandi, hann væri búinn að kaupa þá fyrir kr. 15 000.00. Stefndi Gunnar átti um þessar mundir ca. kr. 5000.00 hjá stefnanda, og samþykkti stefnandi eða umboðsmaður hans Björn Halldórsson skuldajöfnuð á upphæð þessari

og andvirði bátanna, en stefndi skyldi afhenda 10 000.00 króna vixil með nafni Kjartans Steingrímssonar útgerðarmanns til greiðslu á mismuninum, en Kjartan var raunverulegur kaupandi bátanna, að því er stefndur Gunnar sagði. Greiðslan átti að fara fram að fám dögum liðnum, er Kjartan Steingrímsson kæmi í bæinn.

Nokkrum dögum síðar hitti Björn Halldórsson stefnda Gunnar og innir hann eftir greiðslunni, en þá kveðst Gunnar helst vilja vera laus við bátakaupin, því Kjartan hafi fengið aðra báta. Stefndandi kveður Björn hafa haldið upp á hann kaupunum, og þá hafi orðið að samkomulagi, að Björn reyndi að selja bátana fyrir stefnda Gunnar Jósepsson. Sala tókst ekki, og stefndi Gunnar hefur færzt undan að greiða andvirði bátanna. Hefur stefndandi því höfðað mál þetta.

Undir rekstri málsins hefur komið í ljós, að stefndi Gunnar Jósepsson leitaði eftir bátakaupunum eftir beiðni Kjartans Steingrímssonar forstjóra h/f Sverris fyrir hönd þess félags. Hefur stefndandi stefnt h/f Sverri með framhaldsstefnu inn í málið, eins og fyrr segir, til þess að þola dóm in solidum með Gunnari Jósepsyni. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefndandi þess til vara, að stefndi Gunnar Jósepsson yrði einn saman dæmdur til að greiða stefnukröfuna, og til þrautavara, að málið verði látið velta á synjunareyði stefnda Gunnars.

Af hálfu stefnda h/f Sverris er því haldið fram í málinu og staðfest af stefnda Gunnari Jósepsyni, að hann (Gunnar) hafi ekki haft umboð til að gera kaupsamning um báta, heldur hafi hann aðeins átt að leitast fyrir um möguleika á bátakaupum. Kaupsamningur, sem stefndi Gunnar hefði gert, hefði því ekki verið skuldbindandi fyrir h/f Sverri. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna h/f Sverri af kröfum stefnanda.

Stefndi Gunnar Jósepsson krefst aðallega sýknu á þeim grundvelli, að hann sé ekki aðili málsins, heldur hlutafélagið Sverrir, sem beðið hafði hann að leitast fyrir um kaup á nótabátum. Samkvæmt því, er áður segir, er upplýst, að stefndi Gunnar hafði ekki umboð til að fullgera kaup á bátum fyrir h/f Sverri. Hafi kaup gerzt milli stefnanda og stefnda Gunnars, ber honum að svara til þeirra á eigin ábyrgð, og verður aðalsýknuástæða stefnda Gunnars því ekki tekin til greina.

Til vara er stefnukröfunni mótmælt á þeim grundvelli og sýknu krafizt af því, að kaup um bátana hafi ekki farið fram. Stefndi Gunnar kveðst hafa tjáð umboðsmanni stefnanda, Birni Halldórssyni, að kaupin væru háð samþykki Kjartans Steingrímssonar og yrðu ekki fullgerð fyrir en hann hefði skoðað bátana og sagt til um, hvort hann vildi kaupa þá eða ekki. Samkomulag var um verð það og greiðslukjör, er stefndandi lýsir, ef saman gengi um kaupin, er Kjartan hefði séð bátana.

Stefndi Gunnar neitar því, að hafa fallizt á að honum bæri skylda til að greiða verð bátanna og mótmælir því, að samkomulag hafi

orðið um, að Björn Halldórsson reyndi að selja bátana fyrir stefnanda, enda staðhæfir hann, að kaup hafi aldrei verið gerð.

Stefnanda hefur ekki tekizt að færa sönnur á fullyrðingar sínar gegn andmælum stefnda Gunnars, og ekki þykja þau gögn hafa komið fram í málinu, að rétt sé að úrslit þess velti á aðildareiði. Ber því einnig að sýkna stefnda Gunnar Jósepsson af öllum kröfum stefnanda. Eins og atvikum er háttað, þykir þó rétt að málskostnaður falli niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Gunnar Jósepsson og h/f Sverrir, eru sýknir af kröfum stefnanda Jóns Björnssonar. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1948.

Nr. 94/1948. **Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir**
 gegn
Guðlaugi Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, er eigi hefur sótt þing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
